

Fjárhagsáætlun Bergrisans 2021

Almenn þróun

Kjarasamningsbundnar hækkanir á launaliðum og aukinn orlofsréttur starfsmanna.

Breyting á milli ára umfram almenna þróun

Verkefnastjóri Bergrisans bs.

Verkefnastjóri hóf störf 1. apríl 2020. Gert er ráð fyrir stöðunni áfram árið 2021. Sinnir verkefnastjóri samræmingarhlutverki á þjónustusvæðunum þremur og heldur utan um og skipuleggur verkefni í umboði stjórnar Bergrisans bs.

Klettabær

Gerður var samningur um alhliða þjónustu fyrir þjónustunotanda í úrræði nefnt Klettabær. Á samningstímanum hefur endurskoðun á samning farið fram þar sem þjónustusali fór fram á aukið fjármagn vegna aukinnar þjónustuparfar þjónustunotanda og vegna kjarasamningsbundinna launahækkana. Var það samþykkt með fyrirvara um endurskoðun. Skv. upplýsingum frá Jöfnunarsjóði fær Bergrisinn bs. greitt framlag upp á 105 millj.kr. vegna samnings við Klettabæ á árinu 2020 skv. áætlun nr. 3 sem birt verður síðar í nóvember. Gert er ráð fyrir samskonar framlagi frá Jöfnunarsjóðnum vegna þessa samning á árinu 2021.

Viss Flúðum

Á árinu 2020 varð aukning á þjónustunotendum. Voru þeir tveir en eru nú þrír. Vegna aukinnar þjónustuparfar var aukið við stöðugildi um 50% og er því gert ráð fyrir tveimur starfsmönnum í samtals 100% starfshlutfalli.

Viss Hvolsvelli

Samþykkt var á aðalfundi 2019 að stofna vinnuúrræði fatlaðs fólks á Hvolsvelli. Mun úrræðið fara af stað í upphafi árs 2021. Gert er ráð fyrir að allt að fjórir einstaklingar geti nýtt úrræðið og verða starfsmenn tveir í samtals 100% starfshlutfalli, deildarstjóri og almennur starfsmaður

Vallholt 12-14

Að Vallholti 12-14 búa fimm íbúar með mikla þjónustupörf. Hefur þjónustupörfin aukist vegna öldrunar og sjúkdóms. Jafnframt hefur viðvera íbúa á heimilinu aukist vegna áður nefndra þátta. Með aukinni viðveru íbúa á heimilinu er nauðsynlegt að breyta vaktkerfi til að geta mætt þjónustupörf íbúanna.

Í fjárhagsáætlun 2021 er gert ráð fyrir aukningu á stöðu deildarstjóra úr 40% starfshlutfalli í 90%. Deildarstjóri stýrir faglegu starfi í umboði forstöðumanns og er hans staðgengill. Jafnframt er gert ráð fyrir aukningu á stöðugildi almenns starfsmanns um 65% vegna nauðsynlegra breytinga á vaktkerfi. Núverandi stöðugildi eru 8,4 en verða þá samtals 9,54 í einingunni.

NPA og beingreiðslusamningar

Hækkun er á tímagjaldi NPA samninga vegna kjarasamningshækkana. Fjöldi NPA samninga er óbreyttur en þeir eru fjórir talsins

Gert er ráð fyrir 3,5% vísitöluhækkun á alla beingreiðslusamninga. Átta beingreiðslusamningar eru í gildi, þar af er einn nýr.

Lengd viðvera framhaldsskólanema- Kópurinn

Í dag eru 13 þjónustunotendur að nýta úrræðið en gert er ráð fyrir 20 notendum árið 2021.

Fjölgun þáttakenda/notenda skýrir aukningu á stöðugildum og aukinn launakostnað.

Viss Þorlákshöfn

Ófaglærður deildarstjóri lætur af störfum. Gert er ráð fyrir að ráða inn faglærðan deildarstjóra.

Selvogsbraut

Á heimilinu búa fjórir einstaklingar með miklar og flóknar þjónustuparfir. Hefur þjónustupörfin aukist verulega síðastliðin ár. Nú eru tvær íbúðir lausar í einingunni og er gert ráð fyrir að einn einstaklingur flytji þar inn nú um áramótin. Sá einstaklingur er með mikla þjónustuþyngd og þarf heilt stöðugildi með sér allan sólarhringinn. Staða deildarstjóra er nauðsynleg til að geta byggt upp faglegt starf og leiðbeint starfsfólki um að veita þá þjónustu sem íbúar hafa þörf fyrir.

Gert er ráð fyrir 50% stöðu deildarstjóra árið 2021 og aukningu stöðugilda úr 7,7 í 11,48 eða um 3,78 stöðugildi.

Birkimörk

Á heimilinu búa fimm íbúar sem eru með miklar og flóknar þjónustuparfir. Hefur þörf fyrir deildarstjóra verið til staðar lengi en deildarstjóri er talinn nauðsynlegur til að geta byggt upp faglegt starf og leiðbeint starfsfólki um að veita þá þjónustu sem íbúar hafa þörf fyrir.

Gert er ráð fyrir 50% deildarstjóra í fjárhagsáætlun 2021. Stöðugildin í einingunni eru 9,45. Er í fjárhagsáætlun fyrir 2021 gert ráð fyrir einu stöðugildi til viðbótar vegna styttingu vinnuvikunnar.

Breiðabólsstaður

Í samningi Bergisans bs. við Breiðabólsstað er kveðið á um að rými fyrir þjónustunotendur séu fjögur talsins. Á árinu 2020 var Bergsinn bs aðeins að nýta tvö þeirra og sagði í kjölfarið upp tveimur rýmum. Taldi verksali rekstrargrundvöll brostinn í kjölfarið og sagði samningnum upp. Rennur hann út nú um áramótin.

Sólheimar

Skv. útreikningum Jöfnunarsjóðs á gildandi samningi við Sólheima er lækkun á framlagi um 1,5% á milli ára. Áætlað er að gera sér samning við Sólheima um þjónustu við einstakling sem er í þjónustu á Breiðabólsstað í dag.